

## Fundargerð 74. Héraðsþings USVH 11. mars 2015

- Klukkan 18.00**
1. Þingsetning
  2. Kjörnir starfsmenn þingsins og kjörbréfanefnd
  3. Skýrsla stjórnar og reikningar
  4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
- Klukkan 18.30**
5. Ávörp gesta
  6. Lagðar fram tillögur fyrir þingið
- Klukkan 19.00**
7. Nefndarstörf
- Klukkan 20:00**
- Matarhlé
- Klukkan 21:00**
8. Ályktanir nefnda
- Klukkan 22.00**
9. Kosningar
    - a) varaformaður til tveggja ára
    - b) meðstjórnandi til tveggja ára
    - c) fyrsti varamaður til eins ára
    - d) annar varamaður til eins árs
    - e) þriðji varamaður til eins árs
    - f) tveir skoðunarmenn til eins árs
    - g) tveir skoðunarmenn til vara til eins árs
  10. Önnur mál
- Klukkan 22.30**
11. Þingslit

## 1. Þingsetning

Reimar Marteinson setur þingið og býður þingfulltrúa og gesti þingsins velkomna, Gestir þingsins eru; Hrönn Jónsdóttir frá UMFÍ og Viðar Sigurjónsson frá ÍSÍ.

Ber upp tillögu að þingforseta, Guðmundur Haukur Sigurðsson, samþykkt samhljóða.

## 2. Kjörnir starfsmenn þingsins og kjörbréfanefnd

Guðmundur Haukur tekur til starfa sem þingforseti og þakkar það traust sem honum er sýnt. Aðrir starfsmenn þingsins eru;

Ritarar; Sigurbjörg Jóhannesdóttir og Þorsteinn Guðmundsson,

Kjörbréfanefnd; Þ. Karl Eggertsson, Júlíus Guðni Antonsson og Guðrún Ósk Steinbjörnsdóttir.

## 3. Skýrsla stjórnar og reikningar

Reimar Marteinson kynnir skýrslu stjórnar. (sjá meðfylgjandi skýrslu stjórnar USVH).

Elín Jóna Rósinberg kynnir reikninga sambandsins (sjá meðfylgjandi ársreikning USVH).

## 4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Orðið gefið laust um skýrslu stjórnar og reikninga, enginn biður um orðið. Ársreikningur borinn upp og hann samþykktur samhljóða.

## 5. Ávörp gesta

Hrönn Jónsdóttir í stjórn UMFÍ og Viðar Sigurjónsson skrifstofustjóri ÍSÍ.

Hrönn ávarpar þingið og ber kveðjur frá Helgu Guðrínu formanni UMFÍ og öðrum starfsmönnum UMFÍ. Hún þakkar einnig gott boð um að koma á fundinn. Hún talar um sterkt ungmennastarf hjá USVH og kynnir fræðslu og verkefnasjóð UMFÍ. Hrönn er mjög ánægð með tillögur sem liggja fyrir þinginu um hvatningu til að taka virkan þátt í verkefnum á vegum UMFÍ. Talar einnig um hin mörgu störf á vegum UMFÍ.

#### 74. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Hvammstanga 11. mars 2015

Hrönn vill sæma tvo einstaklinga starfsmerki UMFÍ en það eru þær Hulda Einarsdóttir hjá Dagsbrún og Sigrúnu K. Þórðardóttur hjá Þyt.

Viðar Sigurjónsson skrifstofustjóri ÍSÍ á Akureyri þakkar gott boð og skilar kveðju frá Lárusi Blöndal formanni ÍSÍ og öðrum starfsmönnum ÍSÍ. Þakkar einnig fyrir frábærar móttökur í haust þegar fulltrúar frá ÍSÍ og UMFÍ komu til fundar við stjórn USVH. Kemur inn á viðtækt starf ÍSÍ og talar um fyrirmyndarfélag ÍSÍ sem hann er í forsvari fyrir. Kormákur hefur í hyggju að sækja um fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Á næsta íþróttapingi ÍSÍ kemur nýtt fram en þá verður hægt að sækja um fyrirmyndahérað. Nú þegar hafa héruð sýnt áhuga á að sækja um það. Nokkrir einstaklingar héðan hafa stundað fjarnám í þjálfaramennt frá Akureyri. Talar einnig um hvað sé mikill kraftur hjá USVH. Viðar minnst á að ekki sé hægt annað en að minnst á stórt verkefni sem fram fer í byrjun júní á þessu ári en það eru Smáþjóðaleikarnir. Viðar hvetur fundagesti til að hafa samband við sig með öll mál sem ÍSÍ getur aðstoðað einstaklinga með og að lokum þakkar hann fyrir sig.

Þingforseti þakkar gestum fyrir og biður formann kjörbréfanefndar að gera grein fyrir störfum sínum. Þ. Karl kynnir fulltrúa þingsins, seturétt á þinginu eiga 41 fulltrúi og mættir eru 31 fulltrúar og telst þingið því löglegt. Frá Umf. Kormáki: Valdimar Gunnlaugsson, Ómar Eyjólfsson, Hörður Gylfason, Sesselja Kristín Eggertsdóttir, Jóhanna Erla Jóhannsdóttir, Guðmundur Haukur Sigurðsson, Magnús Vignir Eðvaldsson, Guðmundur H. Jónsson, Kristín Ólafsdóttir, Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, Ragnheiður Sveinsdóttir, Birkir Snær Gunnlaugsson og Pétur Arnarson. Frá Hestamannafélaginu Þyt; Guðrún Ósk Steinbjörnsdóttir, Jóhanna Helga Sigtryggsdóttir, Vigdís Gunnarsdóttir, Hrannar Haraldsson, Kolbrún Stella Indriðadóttir og Halldór Sigfússon. Frá Umf. Gretti; Ingibjörg Jónsdóttir, Ásdís Helga Másdóttir og Sigurbjörg Jóhannesdóttir. Frá Umf. Víði; Júlíus Guðni Antonsdóttir, Vignir Sigurðsson, Pétur Þ. Baldursson, Þóra Kristmundsdóttir og Þórir Óli Gunnlaugsson. Frá Sundfélaginu Húnum; Sonja Eðvaldsdóttir og Þorleifur Karl Eggertsson. Frá Umf. Dagsbrún; Sara Ólafsdóttir og Hulda Einarsdóttir. Enginn fulltrúi mættir frá Umf. Hörpu.

#### 6. Lagðar fram tillögur fyrir þingið,

Reimar leggur fram tillögur stjórnar USVH fyrir þingið og fara þær fyrir nefndirnar.

## 74. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Hvammstanga 11. mars 2015

Þingforseti nefnir að þrjár nefndir eru starfandi á þinginu en það eru íþróttanefnd, allsherjarnefnd og fjárhagsnefnd- og uppstillingarnefnd. Þingforseti leggur fram fjárhagsáætlun USVH vegna ársins 2015 og er henni vísað til fjárhags- og uppstillingarnefndar.

### 7. Nefndarstörf, nefndir taka til starfa,

Tillaga um að umræðustjóri sé kosinn úr hverri nefnd fyrir sig auk ritara.

## Matarhlé

### 8. Ályktanir nefnda

**Íþróttanefnd**, umræðustjóri er Vigdís Gunnarsdóttir kynnir umræður íþróttanefndar en auk hennar sátu í nefndinni Jóhanna Helga Sigtryggsdóttir, Sara Ólafsdóttir, Hulda Einarsdóttir, Ásdís Helga Másdóttir, Þóra Kristmundsdóttir, Valdimar Gunnlaugsson, Birkir S. Gunnlaugsson og Ragnheiður Sveinsdóttir.

Tillögur íþróttanefndar:

74. Héraðsþing USVH haldið í félagsheimilinu á Hvammstanga 11. mars 2015 hvetur aðildarfélög USVH til að taka virkan þátt í verkefnum UMFÍ s.s. Landsmóti 50+ á Blönduósi og unglíngalandsmóti á Akureyri á komandi sumri. Þingið leggur jafnframt til að stjórn USVH finni aðila til að hvetja til og halda utan um þátttöku félaga sambandsins á landsmóti 50+.

Tilagan samþykkt samhljóða.

74. Héraðsþing USVH haldið í félagsheimilinu á Hvammstanga 11. mars 2015 hvetur aðildarfélög USVH til að taka virkan þátt í almenningsverkefnum ÍSÍ og UMFÍ.

Tilagan samþykkt samhljóða.

74. Héraðsþing USVH haldið í félagsheimilinu á Hvammstanga 11. mars 2015 hvetur sveitarfélagið til að hefja undirbúning að uppbyggingu á fjölnota íþróttasvæði/frjálsíþróttasvæði í Kirkjuhvammi.

Tilagan samþykkt samhljóða.

74. Héraðsþing USVH haldið í félagsheimilinu á Hvammstanga 11. mars 2015 hvetur sveitarfélagið til að gera sundlaugina keppnishæfa.

Tilagan samþykkt samhljóða.

**Allsherjarnefnd**; umræðustjóri er Hörður Gylfason en auk hans sátu Guðrún Ósk Steinbjörnsdóttir, B. Vignir Sigurðsson, Þórir Óli Gunnlaugsson, Júlíus Guðni

74. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Hvammstanga 11. mars 2015

Antonsson, S. Kristín Eggertsdóttir, Sveinbjörg Pétursdóttir, Þ. Karl Eggertsson og Sonja Eðvaldsdóttir.

Tillögur allsherjarnefndar,

74. Héraðsþing USVH haldið í félagsheimilinu á Hvammstanga 11. mars 2015 þakkar sveitarfélaginu Húnaþingi vestra fyrir góðan stuðning og styrk til íþrótt- og æskulýðsstarfs.

Tilagan samþykkt samhljóða.

74. Héraðsþing USVH haldið í félagsheimilinu á Hvammstanga 11. mars 2015 færir ritnefnd Húna bestu þakkir fyrir frábært starf við útgáfu þessa merka og vandaða rits.

Tilagan samþykkt samhljóða.

74. Héraðsþing USVH haldið í félagsheimilinu á Hvammstanga 11. mars 2015 skorar á sveitarstjórn Húnaþings vestra að kanna möguleika á skíðaaðstöðu í sveitarfélaginu.

Tilagan samþykkt samhljóða.

74. Héraðsþing USVH haldið í félagsheimilinu á Hvammstanga 11. mars 2015 hvetur sveitarstjórn Húnaþings vestra til vinna markvisst að uppbyggingu alhliða íþróttasvæðis fyrir héraðið í Kirkjuhvammi.

Tilagan samþykkt samhljóða.

74. Héraðsþing USVH haldið í félagsheimilinu á Hvammstanga 11. mars 2015 hvetur starfshóp sveitarstjórnar Húnaþings vestra um uppbyggingu íþróttamiðstöðvar að ljúka störfum sem fyrst en jafnframt að veita USVH aðkomu að tillögum að fyrirhuguðum breytingum íþróttamiðstöðvar til umsagnar.

Tilagan samþykkt samhljóða.

74. Héraðsþing USVH haldið í félagsheimilinu á Hvammstanga 11. mars 2015 hvetur stjórn USVH til að sækja um að verða fyrirmyndarhérað þegar samþykktir ÍSÍ leyfa.

Tilagan samþykkt samhljóða.

**Fjárhags og uppstillingarnefnd;** umræðustjóri er Magnús V. Eðvaldsson en aðrir nefndarmenn voru Kolbrún Indriðadóttir, Ingibjörg Jónsdóttir, Pétur Þ. Baldursson, Ómar Eyjólfsson, Magnús Eðvaldsson og Kristín Ólafsdóttir.

Tillögur fjárhags- og uppstillingarnefndar:

## 74. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Hvammstanga 11. mars 2015

74. Héraðsþing USVH haldið í félagsheimilinu á Hvammstanga 11. mars 2015 samþykkir ársreikning USVH fyrir árið 2014 ásamt ársreikningi styrktarsjóðs USVH fyrir 2014.

Tilagan samþykkt samhljóða.

74. Héraðsþing USVH haldið í félagsheimilinu á Hvammstanga 11. mars 2015 samþykkir fjárhagsáætlun fyrir árið 2015.

Tilagan samþykkt samhljóða.

### 9. Kosningar

- a) varaformaður til tveggja ára – Halldór Sigfússon, kjörinn með lófaklappi
- b) gjaldkeri til tveggja ára – Elín Jóna Rósinberg, kjörin með lófaklappi
- c) meðstjórnandi til tveggja ára – Vigdís Gunnarsdóttir, kjörin með lófaklappi
- d) fyrsti varamaður til eins árs - Sigurbjörg Jóhannesdóttir, kjörin með lófaklappi
- d) annar varamaður til eins árs – Sara Ólafsdóttir, kjörin með lófaklappi
- e) þriðji varamaður til eins árs, Þórey Edda Elísdóttir kjörin með lófaklappi.
- f) tveir skoðunarmenn til eins árs – Ingibjörg Jónsdóttir og Sigrún K. Þórðardóttir, kjörnar með lófaklappi.
- g) einn skoðunarmaður til vara til eins árs – Kolbrún Stella Indriðadóttir- kjörin með lófaklappi.
- h) Fulltrúi USVH á íþróttaping ÍSÍ er formaður USVH Reimar Marteinnsson og til vara framkvæmdastjóri USVH Þorsteinn Guðmundsson.

### 10. Önnur mál

Viðar Sigurjónsson tekur til máls og fagnar því að þingið skuli vilja sækja um sem fyrirmyndarhérað. Talar um starfið hér það ríki mikil samheldi og félagið er vel virkt og það ríkir mikill samhugur í öllum og gaman að upplifa það. Hann fór einnig með vísu en hún hljóðar þannig:

Formaður nefndar í fljótheitum lagði

Feginn af stað á stökk

Og þögnuðu fulltrúar þings er hann sagði

“thank you for the kokk”

Hann óskaði nýkjörinni stjórn til hamingju með þeirra kjör.

### 11. Þingslit

Þingforseti þakkar gott þing og býður formanni orðið. Formaður þakkar fráfarandi stjórn góð störf og býður nýja stjórnarmeðlimi velkomna. Þakkar Umf. Kormáki fyrir þingstörf og einnig fyrir góðan mat. Hann horfir bjartsýnn fram á næsta starfsár og slítur þingi kl. 20:20.